



Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu

1.gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu á vegum Félags- og skólaþjónustu A-Hún, skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki **123**, samkvæmt samningum Starfsgreinasambandsins og launanefndar sveitarfélaga, að viðbættu orlofi, álagi og launatengdum gjöldum, samtals **2054 kr.**

2.gr.

Varðandi afslátt á gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrir/örorkulífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka. Eða **181.064** kr fyrir skatt. Hér eftir nefndar viðmiðunartekjur.
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambylissólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **271.596** kr.
3. Tekið skal tillit til fjölda barna undir 18 ára aldri.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns.
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun Ríkisins.
8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar Ríkisins.
9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

3 gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngriog skal draga meðlagsupphæð frá Tryggingastofnun Ríkisins kr:**26.081.-** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokk heimilið lendir.

5 gr.

Uppgefnar fjárhæðir eru háðar launaþróun viðkomandi kjarasamnings og þróun lífeyris TR og eru því birtar með fyrirvara um breytingar á forsendum. Gjaldskráin tekur breytingum samkvæmt tilgreindum forsendum 1. janúar ár hvert.



Janúar 2014-1 janúar 2015 (uppreiknað m. 4%)

Gjaldflokkur	Tekjumörk þjónustuþega sem búa einir:	Gjald
Einstakl. 1	Allt að 181.064 kr pr. mán	0 kr/klst
Einstakl. 2	Á bilinu 181.064-271.596 kr/mán	685 kr/klst (1/3 af kostnaði)
Einstakl. 3	Á bilinu 271.596 – 316.862 kr/mán	1027 kr./klst(½ af kostnaði)
Eikstakl. 4	Yfir 316.862 kr/mán	2054 kr./klst fullt gjald
	Tekjumörk hjóna/para	
Hjón 1	Allt að 271.596 kr/mán	0 kr/klst
Hjón 2	Á bilinu 271.596 – 407.394 kr/mán	685 kr/klst (1/3 af kostnaði)
Hjón 3	Á bilinu 407.394 – 475.293 kr/mán	1027 kr./klst(½ af kostnaði)
Hjón 4	Yfir 475.293 kr/mán	2054 kr./klst fullt gjald